



176. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 3. des. 2013 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón G. Valgeirsson, Jón Hjartarson, Olga Lísía Garðarsdóttir, Rakel Lind Úlfhéðinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigbrúður Jónsdóttir, Þórarinn Ingólfsson og Ægir Pétur Ellertsson. Sigbrúður Harðardóttir boðaði forföll.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðan á viðbyggingu við Hamar

Búið er að ræða við þingmenn Suðurlands og alla þá sem að málinu koma, en óljóst er hvert framhaldið verður. Rætt var um fjármögnun verkefnisins og sjóðinn sem sveitarfélögin hafa safnað.

2. Fjárhagsstaða FSu í nóvember 2013

Haraldur Eiríksson gerði örstutta grein fyrir fjárhagsstöðu skólans. Í máli hans kom fram að staðan er ekki slæm en gæti verið betri. Ætlast er til að skólinn hafi meiri sértekjur á næsta ári en áður hefur verið. Ljóst er að erfitt getur verið að ná þeim tekjum.

3. Fréttir af innleiðingu nýrrar námskrár

Skólameistari sagði frá innleiðingarmálum. Í máli hennar kom fram að verið er að vinna að námskrármálum á nokkrum vígstöðvum af okkar hálfu. Meðal annars er verið að vinna að nýrri námskrá fyrir starfsbraut, endurskoðun hestabrautar og almennri námskrá til stúdentsprófs. Rætt fram og til baka um námskrármál sem og kennsluna almennt. Fram kom meðal annars að auka ætti vægi vals nemenda til stúdentsprófs þ.e. að nemendur hefðu meira svigrúm til vals.

4. Önnur mál:

A. Viðhald í FSu næsta ár

Olga Lísía sagði frá því sem þarf að gera varðandi framkvæmdir á næstunni. Búið er senda lista til Fasteigna ríkisins varðandi óskir um framkvæmdir á næstunni.

B. Heimavist FSu

Rætt var um nemendagarðana og stöðu þeirra. Útleiga hefur gengið vel og hefur verið fullt á nemendagörðunum á haustönn. Ekki er alveg ljóst með leigu á næstu önn.

C. Nýtt eyktaskipulag

Kynnt var nýtt eyktaskipulag, sem fyrirhugað er að taka upp á næstu önn. Í framhaldi af þessu var spurt um þjónustu Strætó og hvernig hún hefði reynst. Skólameistari og fulltrúi nemenda voru sammála um að reynslan hafi verið góð.



D. Heimsókn í Hamar

Frestað til næsta fundar. Stefnt að því að hefja fund 4. febrúar með heimsókn í Hamar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 4. febrúar 2014

Fundi slitið kl. 11:00
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson